

Fræðsluráð Reykjanesbæjar

6. desember 2019

Tillaga í Fræðsluráð:

Anna Sigríður Jóhannesdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur til að allir grunnskólar í Reykjanesbæ verði Heilsueflandi grunnskólar til að efla geðheilsu og hreyfingu nemenda. Legg áherslu á að hreyfing verði aukin í öllum skólum sem fyrst til að stuðla að betri lýðheilsu ungmenna. Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi og skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag.

Anna Sigríður Jóhannesdóttir

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ